

Höfn - Öldrunarmiðstöð


Aðalfundur fulltrúaráðs Öldrunarmiðstöðvarinnar Hafnar haldinn á Sólvangsvegi 3. 27. desember 2013

Skýrsla formanns Öldrunarmiðstöðvar Hafnar til aðalfundarfulltrúaráðs haldinn föstudaginn 27. desember 2013.

Góðir fulltrúar, skýrsla mín er um starfsemi Hafnar, skýrsla er lögð fram á árlegum fulltrúaráðsfundi en kjörtímabil stjórnar er 4 ár og mun ég því nefna helstu atriði á starfstíma stjórnar en vísa nánar á árlegar skýrslu formanns til fulltrúaráðsfunda. Starfsemi stjórnar byggir á staðfestri skipulagsskrá Öldrunarmiðstöðvarinnar Hafnar sem samþykkt er af dómsmálaráðherra. Haldnir hafa verið 20 bókaðir stjórnarfundir, auk þess hafa verið haldnir samráðsfundir vegna fjölda mála sem hafa verið til meðferðar milli bókaðra stjórnarfunda, Helstu þættir í starfsemi Hafnar eru þessi.

1. Þjónustan í Höfn.

- Megintilgangur þjónustunnar er að veita íbúunum öryggi og traust, þannig að kvíða sé bægt frá sem kostur er. Hljýja þarf að einkenna starfsfólkið og ekki skaðar að hafa kátínu með í för.
- Starf húsvardar er mjög mikilvægt. Lipurð og skilningur á högum fólks þarf að ráða för og hæfileikinn er að hlusta. Þessu öllu er vel borgið við núverandi aðstæður hjá Ragnheiði Sigurðardóttur húsverði og eru henni þakkað fyrir sín góðu störf
- Stærsti þjónustubátturinn er matarþjónustan fimm daga vikunar í hádegi og hægt er að frá heimsendan mat um helgar. Mjög margir nýta sér þessa þjónustu, sumir stundum, en aðrir alltaf. Við sjáum til þess ef fólk er rúmliggjandi að þeim sér færður matur á sitt heimili. Maturinn er keyptur af eldhúsi Sólvangs og er einn þátturinn í viðbót til að styrkja samstarfið á Sólvangs-svæðinu.
- Varsla húss og eftirlit með íbúum er markvisst. Securitas er bakhjarl með öryggishnappana. Jafnframt eru í íbúðunum öryggissúrur á tveim stöðum í hverri íbúð. Brunakerfi er öflugt og stöðugt eftirlit með því.
- Leikfimi, líkamsrækt, er stunduð tvisar í viku að morgni til, nauðsynlegur þáttur til styrkrar sál og líkama.
- Boðið er upp á hárgreiðslu í viku hverri og handmennt tvo dagsparta sem er stæltur þáttur í lífi marga.

| | |
|---|------------------|
|  | Hafnarfjarðarbær |
| Innk: | 8.1.2014 |
| Málsnr: | 1112124 |
| Bréfal: | 315 |

- Handmennt, allskyns sköpun, þrjón, skrautmunnir, kortagerð og sitt hvað fleira. Þar styrkja heimilsmenn vinaböndin. Þá er að sjálfsgöðu veitt félagsþjónusta á vegum bæjarins og heimahjúkrun, sem er mjög umsvifamikil. Nyti hennar ekki við, gætu ýmsir okkar fólks ekki búið í Höfn.
- Dagarnir hjá öldruðu fólki vilja verða einhæfir, hversdagsleikinn verður eintóna og tilbreytingalítill. Þá er þörf að breyta til, hafa eitthvað til að tala um og hlakka til. Viðfangsefnið þarf ekki að vera merkilegt, leikhúsfærð, ferð á söfn eða bíó, nú skoðunarferð um nágrennið. Gott er að enda slíka ferð með veitingum. Í annan tíma förum við í lengri ferðir á sumrum, dagsferðir innanlands og jafnvel til útlanda. Allt tilstand, smátt og stórt, þarfnast ítarlegrar umfjöllunar því aðdragandi slíkra atburða er aðal gleðigjafinn.
- En fyrst og síðast er meginmál að reyna að sinna þörfum hvers og eins. Hafa þer í huga að smávægilegt áhyggjuefni getur leitt til sorgar eða gleði eftir hvernig er haldið er á spilum. Töf er vondur kostur.
- 20 ára afmæli Hafnar. Var haldið hátíðlegt 30. des. 2010 með samkomu í Samkomusal Haukahúsins á Ásvöllum þar mættu íbúar Hafnar ásamt samstarfsaðilum, velunnurum og stjórnarmönnum og í tilefni afmælisins var gefið út Hafnarkornið 10. tbl með með svipmyndum frá liðnum árum, ábyrgðarmaður Kristján og samantekt Hulda Karen.

2. Ýmis mál

- Samkomulag og Hafnar og Hafnarfjarðarbæjar. Kristján Guðmundsson framkvæmdastjóri Hafnar og Guðmundur Óskarsson endurskoðandi Hafnar unnu að lokauppgjöri á málefnum Hafnar og Hafnarfjarðarbæjar við Guðmund Rúnar Árnason þáverandi bæjarstjóra, Gunnar Rafn Sigurbjörnsson sviðstjóra og Gerði Guðjónsdóttur fjármálastjóra frá Hafnarfjarðarbæ. Samkomulagið var undirritað 23. apríl og samþykkt í bæjarráði 24. apríl. Þar með lauk uppgjöri á fjölmörgum málum sem lengi hefur verið unnið að og erum við í stjórn Hafnar mjög ánægð með lyktir mála og þökkum þeim Kristjáni og Guðmundi fyrir frábært starf og að þeir hafi haldið mjög vel á hagsmunum Hafnar.
- Húsnæði Heilsugæslunnar. 31. júní 2012 var lögð inn teikningar af þeim breytingum sem gerðar voru á eldri teikningum en þrjár íbúðir verða í þessu rými og hófust breytingar strax og teikningar höfðu verið staðfestar. Stærsta íbúðin sem er 112 m² var tilbúin 1. okt og hinar tvær voru tilbúar fyrirhluta 2013. Allar íbúðirnar eru innréttaðar með eins innréttingum og tækjabúnaði.
- Skipulagabreytingar á Sólvangssvæðinu, drög að deiliskipulagi eru til meðferðar hjá skipulagsyfirköldum í Hafnarfirði og hefur verið kynnt á grendarkynningu á fundi í fundarsal í Heilsugæslustöðinni á Sólvangi 2. nóv.

- Vegna fjölmiðlaumræðu um öldrunarheimili var fundað með heimilisfólki Hafnar þar sem málin voru skýrð eins og hér kemur fram:

- Málefni Eirar í Reykjavík var haldinn fundur með íbúum þar sem þeim var gerð grein fyrir stöðu mála Hafnar og þeir fullvissaðir um að engin mál væru óreiðu hér og þeir þyrftu ekki að hafa áhyggjur enda eru íbúðaréttur hér þinglýstur og samningi fylgi einig veðbókarvottorð sem sýni að engin veðbönd séu á íbúð viðkomandi íbúðarréttarhafa.
- Einnig um stöðu mála hjá Sunnuhlíð í Kópavogi sem ekki ætti við hér.
- Málefni Hafnar sem skrifað var um í DV í viku fyrir jól, en rétt er að málið var rétt meðhöndlað á sínum tíma af viðurkenndum yfirvöldum og hörmum við óvandaðan máflutning sem er með öllu tilhæfulaus.
- Verkefnið „Brúkum bekki“ er með 3 merktar gönguleiðir frá Höfn þar sem eru 250 til 300 m á milli bekkja og er markmiðið að auka hreyfingu eldri borgara og verða settar upp teikningar af merktum gönguleiðum hér í húsum Hafnar.

3. Reikningar Hafnar í umsjá Guðmundar Óskarssonar löggilds endurskoðenda sem gerir grein fyrir þeim og er reikningunum dreift á fundinum og skilað til viðkomandi yfirvalda samkvæmt lögum, endurskoðaðir og samþykktir af stjórn Hafnar. Stjórn Hafnar þakkar Guðmundi Óskarssyni fyrir frábært samtarf.

- Rekstrarsjóður Hafnar og Byggingasjóður Hafnar

4. Framkvæmdsstjóri Hafnar, Kristján Guðmundsson mun láta af störfum samkvæmt eigin óska þann 1. janúar en mun að sjálfsögðu koma eftirmanni sínum inn í starfi, en hann varð 70 ára í sumar. Kristján hefur verið framkvæmdastjóri Hafnar frá upphafi og hefur það verið mikil gæfa fyrir samtökina að hafa notið hans frábæru starfskrafta við uppbyggingu og rekstur þar sem hann hefur verið vakandi og sofandi yfir velferð Hafnar og ánægjulegt að fyljast með þeim mikla eldmóði og hugmyndum fyrir framtíðar uppbyggingu á Sólvangssvæðinu og lagði hann sig allan fram að fylgja þeim málum eftir við yfirvöld hér í Hafnarfirði og einnig hjá ríkinu til þess að allt væri á hreinu. Velferð heimilsfólksins og starfsfólks skipti Kristján miklu máli. Kristján hefur ekki verið einn heldur hefur hann notið aðstoðar Margrétar Hjaltadóttur konu sinna við margháttuð tilefni á vegum Hafnar sem stjórn Hafnar þakkar fyrir. Stjórn Hafnar stendur í mikilli þakkarskuld við Kristján Guðmundsson fyrir hans góða samstarf sem ávallt hefur byggst á trúmennsku og heilindum.

- Auglýsing um stöðu framkvæmdstjóra var sett í fjölmiðla og sóttu 20 einstaklingar um og var rætt við alla umsækjendur og í lokin var lagt fyrir stjórn tillaga um val á milli tveggja umsækjenda sem var ráðað sem fyrsta valkost og annan valkost og var samþykkt einróma að ræða nánar við þann sem var valinn sem fyrstir valkostur að fela formanni, v.formanni og framkvæmdastjóra að semja við hann og stefnt að niðurstöðu fyrir fulltrúaráðsfundinn.

Stjórn Hafnar

Frá fulltrúaráðsfundi í des 2010 hafa átt sér eftirtaldar breytingar, Valgerður Sigurðardóttir formaður stjórnar sagði af sér þar sem hún flutti úr bænum og tók Gylfi Ingvarsson v.formaður við formennskur árið 2012, tveir stjórnarmenn sögðu af sér stjórnarstörfum en það er Erna Friða Berg sem hefur verið í stjórn og í fulltrúaráði Hafnar frá upphafi og einnig Jórunn Jörundsdóttir sem hefur verið ritari stjórnar og hefur hún einnig verið í fulltrúaráði og í stjórn mest allan starfstíma Hafnar og þakka ég þeim þrem fyrir frábært starf að málefnum Hafnar.

Í samræmi við lög þá ganga Auður Þorkelsdóttir og Kristín Gunnbjörnsdóttir í stjórn úr varastjórn.

Núverandi stjórn skipa. Gylfi Ingvarsson formaður, Linda Baldursdóttir v.formaður, Auður Þorkelsdóttir ritari, Geir Jónsson, og Kristín Gunnbjörnsdóttir, í varastjórn Guðfinna Guðmundsdóttir, Unnur Birna Magnúsdóttir, Gunnar Hólmsteinsson og Sigurður Magnússon

Samstarf innan stjórnar hefur verið með miklum ágætum og þakka ég stjórnarmönnum fyrir þeirra óeigingjarna starf í þágu Hafnar, einng fulltrúum íbúa Hafnar sem sitja fundi stjórnar fyrir gott samstarf. Einnig þakka ég fyrir hönd stjórnar Hafnar, starfsfólki Hafnar fyrir frábært starf sem sinnt er af einstakri nærgætni við íbúa Hafnar, einnig skoðunarmönnum reikninga þeim Jóni Gesti Viggóssyni og Árna Sverrissyn fyrir þeirra störf og Guðmundi Óskarssyni endurskoðenda sem hefur unnið mikið starf við samningsgerð og frágang ýmissa mála og síðast en ekki síst Kristjáni Guðmundssyni framkvæmdastóra sem er vakandi og sofandi yfir velferð íbúa og starfsfólks Hafnar. Íbúum Hafnar óska ég velfarnaðar.

5. Niðurlag

Framundan eru tímar endurmats á starfsháttum og rekstri Hafnar og mun verða lögð fram tillaga hér á fundinum þar sem tekið er fyrsta skref til endurskoðunar á rekstri Hafnar.

Nýjum framkvæmdastjóra óska ég velfarnaðar í starfi og óska eftir nánun og góðu samstarfi milli framkvæmdastjóra og stjórnar Hafnar, nýrri stjórn óska ég velfarnaðar í starfi næsta starfstímabil.

F.h. Stjórnar Öldrunarsamtakanna Hafnar
Gylfi Ingvarsson formaður